

Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn

Ákvörðun um matsskyldu

1 Inngangur

Þann 16. nóvember 2022 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá HeidelbergCement Pozzolaníc Materials um fyrirhugaða mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn, Sveitarfélaginu Ölfusi samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, sbr. lið 10.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Sveitarfélagsins Ölfuss, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, Landsnets, Minjastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og Vinnueftirlits ríkisins.

2 Gögn lögð fram

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Mölunarverksmiðja í Þorlákshöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Fyrirspurn um matsskyldu. HeidelbergCement Pozzolaníc Materials og Mannvit nóvember 2022.

Umsagnir um matsáætlun bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi dags. 16. desember 2022.
- Fulltrúum minnihluta í bæjarstjórn Ölfuss dags. 16. desember 2022.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands dags. 16. desember 2022.
- Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dag.s 16. desember 2022.
- Landsneti dags. 14. desember 2022.
- Minjastofnun Íslands dags. 8. desember 2022.
- Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 16. desember 2022.
- Vegagerðarinnar dags. 14. nóvember 2022.
- Vinnueftirlits ríkisins dags. 25. nóvember 2022.

Ekki barst umsögn frá Umhverfisstofnun.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila dags. 3. og 9. janúar 2023.

3 Fyrirhuguð framkvæmd

HeidelbergCement Pozzolaníc Materials ehf. hyggjast reisa mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn. Framleiðslan er fín malað íblöndunarefni í sement sem unnið verður úr móbergi og vikri. Gert er ráð fyrir að verksmiðjan verði staðsett á skilgreindu hafnarsvæði á milli Bakka og Hafnarvegur í Þorlákshöfn. Byggt verður í tveimur áföngum með tilheyrandi aðstöðu við aðliggjandi höfn og innviðauppbyggingu fyrir starfsemina. Ráðgert er að í fyrsta áfanga verði framleiðsla um 1,5 milljón tonn á ári og í öðrum áfanga myndi annað eins bætast við og framleiðsla yrði allt að 3 milljónir tonna á ári. Hráefni í verksmiðjuna verður fengið úr námum í Lambafelli og Litla-Sandfelli. Efni verður flutt frá þessum námum til mölunar auk þess sem verið er kanna möguleika á að nýta efni úr sjó sem landað verði í Þorlákshöfn. Gert er ráð fyrir að eitt til tvö skip landi á viku og miðað er við að hvert skip sé með um 20 til 30 þúsund tonn af vinnsluefni. Efni verður flutt með lokuðu



færibaldi frá verksmiðju að hafnarsvæði. Afurðir verða fluttar úr landi til notkunar sem íauki í sementsframleiðslu í verksmiðjum Heidelberg Materials.

Megin hráefni í vinnslu mólunarverksmiðjunnar eru steinefni (móberg) og afurðir eru duftkennt efni sem er fínkornóttara en sement. Hlutverk mólunarverksmiðjunnar er móttaka á ómeðhöndluðu móbergi og vikurefnum þar sem jarðefnin eru meðhöndluð og möluð í fínefni.

Mannvirki. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að verksmiðjan samanstandi af fjölbreytilegum byggingum og ýmis konar búnaði. Umfang bygginga í fyrsta áfanga sé um 16.000-17.000 m² alls. Stærsta byggingin, flokkunarstöð, verði um 8.600 m² og 20 til 30 m há. Í öðrum áfanga sé gert ráð fyrir að bæta við malara, byggingu fyrir vökvapressu og mólunarbyggingu. Í fyrsta áfanga séu 4 síló sem verði fjölgað í 6-8 í áfanga tvö, því bætist við 3.000-4.000 m² samtals í seinni áfanga. Umfang mannvirkja innan lóðar verði um 19.000-21.000 m² eftir að uppbyggingu 2. áfanga er lokið. Endanleg hönnun og val á tækni liggi ekki fyrir en byggingar sem hýsi mólun gætu orðið 40-60 m háar. Nánari grein er gerð fyrir mannvirkjum í köflum 2.2 og 2.3 í greinargerð framkvæmdaraðila.

Tengdar framkvæmdir. Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að tilkoma verksmiðjunnar kalli á uppbyggingu og breytingu á núverandi hafnaraðstöðu til að skapa viðunandi aðstöðu til löndunar og lestunar efnis. Framkvæmd á hafnarsvæði feli í sér stækkun á hafnarbakka, dýpkun hafnarsvæðis og breytingu á sjóvörnum. Uppbygging hafnaraðstöðu sé á höndum Sveitarfélagsins Ölfuss.

Einnig kemur fram að orkuþörf verksmiðjunnar nemi um 42-84 MW afli í fyrsta og öðrum áfanga. Rafmagn muni fást af netinu og verði samið við orkufyrirtæki þegar þar að kemur. Koma þurfi tengingu af flutningskerfinu að verksmiðju og útbúa spennivirki. Undirbúningur slíkrar framkvæmdar sé í höndum Landsnets sem flutningsaðila rafmagns. Núverandi staða flutningskerfisins sé að í Þorlákshöfn og á Selfossi sé mögulegt að bæta við 0-10 MW afli. Núverandi flutningslínur anni ekki því afli sem verksmiðjan þurfi. Því þurfi að hafa samráð við Landsnet um að auka flutningsgetu kerfisins á þessu svæði. Samtal framkvæmdaraðila og Landsnets sé hafið.

4 Umhverfisáhrif

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum HeidelbergCement Pozzolan Materials og umsögnum umsagnaraðila.

Ásýndaráhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að verksmiðjan verði áberandi í útjaðri byggðar og hæstu hlutar hennar verði sýnilegir frá flestum bæjarhlutum, útivistarsvæðum og götum.

Náttúrufræðistofnun Íslands bendir í umsögn sinni á að verksmiðjan verði mjög áberandi í landslagi svæðisins. Stór áberandi verksmiðja verði reist við bæjarmörkin og muni hafa mikil áhrif á bæjarbrag Þorlákshafnar.

Áhrif á hljóðvist og loftgæði

Í greinargerð kemur fram að öll starfsemi mólunarverksmiðjunnar verði innandyrá. Allt efni verði meðhöndlað í lokuðu kerfi frá móttöku þess til lestunar í skip. Búnaður til lestunar verði í lokuðu kerfi svo ryk berist ekki frá lestunarbúnaði.

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss kemur fram að uppfylla þurfi almennar kröfur um hljóðmengun, rykmengun og annað það sem valdið geti íbúum ama.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ekki sé fjallað um möguleg áhrif flutninga aðfanga með vörubílum og skipum á hljóðvist og rykmengun.



Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að til þess að lágmarka rykmyndun frá farmi á vörubílum verði ábreiða yfir farmi vörubíla frá námu að verksmiðju. Framkvæmdaraðili geri sér grein fyrir að mikilvægt sé að hljóð og rykmengun verði í algjöru lágmarki. Mölun á móbergi hafi í för með sér hávaða. Til þess að bregðast við því verði mannvirki þar sem mölun á sér stað hönnuð með þykkum veggjum og einangrun og þannig úr garði gerð að hávaði við húsvegg muni verða innan marka reglugerðar um hávaða. Í verksmiðju sé unnið með malarefni og það malað í mjög fínt duft. Til þess að ryk berist ekki frá starfsemi verði hún innandyra.

Áhrif á samfélag

Í greinargerð kemur fram að áætlað sé að uppbygging í tengslum við mölunarverksmiðju í Þorlákshöfn skapi um 100 störf á framkvæmdatíma sem reiknað sé með að taki um 18-24 mánuði við fyrsta áfanga verksmiðju. Áætlað er að mölunarverksmiðjan muni skapa um 70-90 störf þegar starfsemi er komin á fullt.

Áhrif á loftslag

Í greinargerð kemur fram að tilgangur framkvæmdarinnar sé að lækka kolefnisspor byggingariðnaðarins. Framleiðsla á muldu móbergi sé ætlað að koma í stað efna sem notuð séu í framleiðslu á sementi og minnka með því koldíoxíðlosun í framleiðslunni. Móberg og vikur séu lykilþáttur í til að ná fram því markmiði og draga úr losun koldíoxíðs við sementsframleiðslu. Notkun móbergs í stað annarra íauka í sementsvinnslu muni lækka kolefnisspor vinnslunnar verulega. Mölunarverksmiðjan sé lykilþáttur í því að lækka kolefnisspor sementsframleiðslu á næstu árum. Framleiðsla á 1 milljón tonna lækki kolefnisspor sements um allt að 850 þúsund tonn koldíoxíðígilda.

Áhrif á samgöngur

Í greinargerð kemur fram að fyrirhuguð verksmiðja muni hafa bein áhrif á samgöngur vegna hráefnisflutninga frá Lambafelli og Litla-Sandfelli. Gert sé ráð fyrir að landflutningar að verksmiðjunni frá efnistökusvæðunum tveimur fari um Þrengslaveg, Þorlákshafnarveg, Hafnarveg, Svartasker og Óseyrarbraut. Gert sé ráð fyrir að efni verði flutt 300 daga ársins og að efnisflutningar verði nokkuð jafndreifðir frá morgni til kvölds. Endanlegt fyrirkomulag liggi ekki fyrir en miðist að því að jafna sem best flutningsálag á vegakerfið, nýta flutningstæki sem með bestum hætti ásamt því að lágmarka kostnað. Til skoðunar sé hvort mögulega megi aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju. Skoðað er hvort hægt sé að finna leiðir fyrir efnisflutninga sem færu ekki nema að litlu leyti um þjóðvegi. Flutningur efnis úr efnistökusvæðum í sjó yrði með skipi, þar sem efni yrði dælt um borð í skip sem myndi sigla með það að höfn í Þorlákshöfn og dæla inn í verksmiðju.

Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands kemur fram að ekki liggi fyrir fjöldi siglinga með efni frá Þorlákshöfn. Þar með sé umfang skipaumferðar um höfnina óljóst og hvaða áhrif aukin umferð hafi á aðra starfsemi við höfnina og hafnarmannvirki.

Í umsögn Vegagerðarinnar er tekið undir hugmyndir í greinargerð um að takmarka umferð vegna malarflutninga á vegum með almennri umferð og óskar Vegagerðin eftir nánari útfærslu á þeim. Vegagerðin útilokar ekki að á seinni stigum verði höfnin stækkuð þannig að mögulegt verði að taka á móti 20-30 þúsund tonna skipum en bendir á að þær breytingar sem nú er verið að vinna að koma ekki til með að leyfa lengri skip en um 130 til 140 m sem eru nær 10-15 þúsund tonnum.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram gert sé ráð fyrir um 20-30 þúsund tonna skipum sem flytja munu efni frá verksmiðju 1-2 sinnum í viku. En einnig sé til skoðunar að nýta hráefni til verksmiðjunnar sem dælt yrði úr sjó nærri Landeyjahöfn. Á þessu stigi sé líklegt að efnistökuskip verði 7-10 þúsund tonn og gangi áform eftir um efnistöku gæti hún falið í sér um tvær til þrjár landanir á sjódældu efni á viku. Eins og fram kemur í greinargerð þurfi að breyta núverandi hafnaraðstöðu. Byggja þurfi nýjan hafnarbakka samhliða núverandi hafnargarði, en sá hafnarbakki



myndi einungis sinna flutningi efnis að verksmiðju sem og útflutningi efnis úr verksmiðju. Að auki þurfi að dýpka við hafnarkant í 9-10 m og sveigja núverandi ölduvörn til, svo stór skip kæmust að þessum nýja hafnarkanti. Einnig þurfi að stytta Svartaskersbryggju. Með þessu sé fyrirhuguð verksmiðja ekki að taka upp pláss á núverandi bryggjum og hafa þannig áhrif á aðra starfsemi, en stytting bryggju og aukin skipaumferð sé breyting á núverandi mannvirkjum.

5 Skipulag og leyfi

Fyrirhuguð framkvæmd er á hafnarsvæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036. En eðli fyrirhugaðrar starfsemi verður mjög umfangsmikil efnisvinnsla og gangi áformin eftir verða reist mjög stór mannvirki á svæðinu. Af starfseminni má auk þess ætla að geti hlotist margvíslegt ónæði fyrir íbúa og hagsmunaaðila innan bæjarins umfram það sem ætla má að geti orðið af hefðbundinni hafnarstarfsemi. Með hliðsjón af framangreindu er það mat Skipulagsstofnunar að umrædd starfsemi falli undir skilgreiningu fyrir iðnaðarsvæði. Því ber að breyta Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.

Framkvæmdin er háð byggingarleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss samkvæmt lögum um mannvirki og byggingarreglugerð. Einnig starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

6 Niðurstaða

Um er að ræða mülunarverksmiðju í Þorlákshöfn þar sem fyrirhuguð er að framleiða allt að 3 milljónir tonna af íblöndunarefni fyrir sement á ári. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 10.01 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar, samlegðar með öðrum framkvæmdum, mengun, ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdirnar fela í sér mjög umfangsmikil mannvirki sem verða um eða yfir 20.000 m² þegar öll mannvirki hafa risið. Stærsta byggingin verður samsvarandi knatthúsi að flatarmáli og um 20 til 30 metra há. En hæstu byggingar verða 40 til 60 metra háar. Þar á meðal eru mülunarhús og síló. Auk mannvirkja á lóð fyrirtækisins er gert ráð fyrir búnaði sem flytur sjóunnið efni frá höfninni til verksmiðjunnar annars vegar og hins vegar búnaður sem flytur afurðir frá verksmiðju til hafnar þar sem henni er komið í flutningaskip til útflutnings. Fyrir liggur að búnaður til efnisflutninga milli hafnar og verksmiðju verður lokaður sem er jákvætt með hliðsjón af hljóðvist og loftgæðum. En ekkert liggur fyrir um umfang búnaðarins eða staðsetningu hans. Þá liggur ekki fyrir magn og samsetning efna í útblæstri frá starfseminni.

Breyta þarf hafnarmannvirkjum til að landanir og lestun efnis vegna mülunarverksmiðjunnar gangi eftir. Þá er fyrirhuguð mülunarverksmiðja tengd nokkrum umfangsmiklum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Framkvæmdin byggir á framleiðslu efnis úr Litla Sandfelli og Lambafelli í Þrengslum. Umhverfisáhrif þeirra náma hefur farið fram. Nú síðast efnistaka úr Litla Sandfelli. Fyrir liggur mat á efnisflutningum vegna Litla Sandfells en ekki liggur fyrir umfang og áhrif efnisflutninga úr Lambafelli til viðbótar við þá flutninga sem fylgja efnistöku úr Litla Sandfelli. Auk efnistöku í Þrengslum er gert ráð fyrir efni úr sjó. En mat á umhverfisáhrifum efnistöku úr sjó við Landeyjahöfn stendur yfir. Þá er ótalið að eftir er að afla orku og reisa



háspennulínur til að knýja verksmiðjuna en þær framkvæmdir eru á hendi annarra ótengdra aðila og hafa óbeina samlegð með mölunarverksmiðjunni.

Staðsetning framkvæmdar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Innan fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er að finna nútímahraun en nútímahraun nýtur verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga. Hraun innan svæðisins er þó sandorpið og að einhverju leyti raskað. Nútímahraun innan svæðisins hefur því takmarkað verndargildi. Þá er svæðið innan þéttbýlis í Þorlákshöfn á svæði sem hefur verið afmarkað sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036.

Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar

Áhrif framkvæmdar ber að skoða í ljósi eðlis og staðsetningar hennar, svo sem með tilliti til umfangs, t.d. fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum, eðlis, styrks og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur séu á áhrifum, tímalengdar, tíðni og afturkræfni áhrifa, samlegðaráhrifa með áhrifum annarra framkvæmda og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Með hliðsjón af því sem rakið er að ofan telur Skipulagsstofnun fyrirhugaðar framkvæmdir umfangsmiklar og munu áhrif af uppbyggingu og reksturs verksmiðjunnar og tengdra framkvæmda ná yfir stórt svæði. Að mati Skipulagsstofnunar verða mannvirki fyrirhugaðrar verksmiðju umfangsmikil og fela í sér miklar breytingar á landslagi svæðisins. Þorlákshöfn er á tiltölulega flötu landi og verður verksmiðjan óhjákvæmilega mjög áberandi og sýnileg úr öllum bæjarhlutum. Því mun fjöldi fólks verða fyrir ásýndaráhrifum. Mögulegt er að milda áhrif á landslag og ásýnd að einhverju leyti með vandaðri hönnun og frágangi en áhrifin verða samt sem áður mikil.

Sem fyrr segir hafa áhrif efnisflutninga úr Litla Sandfelli til verksmiðjunnar verið metin en við þá flutninga bætast við flutningar úr Lambafelli og hafa heildaráhrif flutninga til verksmiðjunnar ekki verið metin. Að mati Skipulagsstofnunar kunna heildaráhrif flutninga á umferð að vera talsverð. Í greinargerð framkvæmdaraðila er greint frá því að til skoðunar séu mögulegar útfærslur á að aðgreina flutningsleiðir frá námustað að verksmiðju. Jafnframt er vísað til þess að sveitarfélagið ætli sér að kalla eftir álitum Vegagerðarinnar á umferðarmálum tengdum verkefninu og getu vegakerfisins þar af lútandi. Sérstaklega verði kallað eftir yfirliti yfir nauðsynlegar breytingar svo sem breikkun Þrengslavegar, gatnamótum við Þorlákshafnarveg og klifurrein við Skógarhlíðabrekku. Það er því mögulegt að fyrirhugaðri verksmiðju fylgi vegaframkvæmdir en þau áform eru óljós á þessu stigi máls. Þá bendir Skipulagsstofnun á að þó svo aðgreining akstursleiða kunnir að draga úr neikvæðum áhrifum á umferð þá geta slíkar aðgerðir haft neikvæð áhrif á aðra umhverfisþætti. Í því ljósi má t.d. nefna rask á jarðminjum sem njóta sérstakrar verndar á grundvelli 61. gr. náttúruverndarlaga.

Að mati Skipulagsstofnunar mun fyrirhuguð framkvæmd fela í sér miklar breytingar á umhverfinu og hafa áhrif á stóru svæði. Verksmiðjan og rekstur hennar er líkleg til að hafa áhrif á marga, þ.e. íbúa Þorlákshafnar auk annarra sem eiga leið um áhrifasvæði framkvæmdarinnar. Ásýndaráhrif verksmiðjunnar eru afturkræf, verði verksmiðjan rifin, og áhrif sem hljóttast af flutningum eru afturkræf verði starfsemi hætt. Samt sem áður verður að gera ráð fyrir að áhrifa muni gæta í langan tíma.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd kann að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka



laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 20. febrúar 2023.

Reykjavík, 17. janúar 2023

Egill Þórarinnsson

Sigurður Ásbjörnsson